



## Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 19.Október 2021 kl. 19:30

**Mætt:** Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Baldvin Hansson (BH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS),

**Fjarverandi:** Fylkir Jónsson (FJ), Einar Gunnlaugsson (EG), Aron Steinn Guðmundsson (ASG)

HRR ritaði fundargerð.

---

### 1. Framtíðarsýn AKÍS

Framtíðarsýn AKÍS er með gildistíma frá 2016 til 2025. Nú er liðinn helmingur þess tíma og því talið ráð að yfirfara hana. Áætlað er að yfirfarin og endurskoðuð framtíðarsýn AKÍS verði lögð fram á ársþingi AKÍS 2022.

### 2. Afreksstefna AKÍS

Afreksstefna AKÍS verður til umræðu á formannafundi. Lítið hefur verið um afreksstarf á þessu keppnistímabili. Unnið verður í að gera afreksstefnunni hærra undir höfði og tryggja betur að eftir henni sé unnið. Formanni var falið að hafa samband við Andreas Boysen sem hefur unnið að framgangi stefnunnar á árinu og taka stöðuna hjá honum fyrir formannafundinn.

### 3. Aðgerðaáætlun um ofbeldi

Mikill umræða hefur verið innan íþróttahreyfingarnar varðandi kynferðislegt áreiti og ofbeldi. ÍSÍ hefur sett af stað vinnuhópa sem eru að gera aðgerðaáætlun sem geti nýst öllum samböndum innan ÍSÍ. Vinnuhóparnir eiga að skila af sér í byrjun nóvember á þessu ári. Stjórn ÍSÍ hefur tíma til 1. mars á næsta ári að koma með vinnuferli varðandi þessi mál.

Stjórn AKÍS hvetur aðildarfélög til að huga að þessum málum innan sinna vébanda.

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs hefur tekið til starfa. Hægt er að hafa samband við hana til að fá leiðbeiningar og fræðslu. Einnig er hægt að hafa samband beint við hana ef kynferðismál koma upp.

Staðfest var að berist tilkynningar um ofbeldi eða misnotkun af einhverju tagi til sambandsins verði slíkum málum vísað rakleitt til samskiptafulltrúa ÍSÍ þar til annað ferli verður ákveðið.

### 4. FIA dómnefndarnámskeið

Stjórn AKÍS barst tölvupóstur um dómnefndarnámskeið sem verður haldið dagana 30.-31. okt næstkomandi. Í þeim pósti voru sérsamböndin hvött til að senda fulltrúa yngri en 35 ára og hið minnsta eina konu á námskeiðið. Formaður mun kanna áhuga hugsanlegra þátttakenda á þessu námskeiði.

### 5. ÍSÍ þing

Formaður gerði grein fyrir því helsta sem fram fór á nýafstöðnu ÍSÍ þingi. Helstu mál sem voru tekin fyrir snérust um kynferðislegt áreiti og ofbeldi, rafíþróttir, skiptingu lottó tekna ásamt nýju



skráningarkerfi sem er að taka við af Felix. Sérstök kynning verður fyrir aðilarfélög varðandi kennslu á arftaka Felix, Sportabler.

**6. Tilnefning AKÍS til akstursíþróttafólks ársins**

Að liðnum þeim fresti sem keppnisráðum er gefinn til útnefninga mun stjórn fara yfir listann og meta hvort ástæða þyki að tilnefna einhvern einstakling að auki.

Enn er unnið að skipan valnefndar og nöfn nokkurra mögulegra nefndarmanna voru lögð fyrir formann til að hafa samband við og athuga áhuga viðkomandi á þátttöku í henni.

**7. Lokahóf AKÍS**

Lokahóf AKÍS 2021 verður haldið á Icelandair hótél Natura þann 20. nóvember. Byrjað er að auglýsa viðburðinn og stjórn hvetur aðildarfélög til að kynna hófið innan sinna vébanda og fjölmenna.

**8. Önnur mál**

Konur í akstursíþróttum - HRR kynnti "Konur í akstursíþróttum" átak sem farið er af stað.

Samskipti skrifstofu við stjórn AKÍS - HVH hvatti til að stjórn fengi betri yfirsýn um þau erindi sem berast til sambandsins.

**Fundi slitið kl. 20:42**